

Skólaráðsfundur þann 2. maí 2016 kl. 15.00 -16.00.

Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Sara fulltrúi nemenda, Sigurborg og Úlfhildur kennarar, Sveindís formaður foreldrafélagsins, Helga Veronika fulltrúi foreldrafélagsins, Hreindís stuðningsfulltrúi og Magnús Gunnarsson frá grenndarsamfélaginu.

Skólastjóri bauð alla velkomna til fundar í skólaráði.

Farið var yfir kennslutímaúthlutun fyrir næsta skólaár en það verður kynnt á kennarafundi þriðjudaginn 3. maí. Heldur færri tímum er úthlutað fyrir næsta skólaár en síðastliðið ár. Umræða varð í sambandi við sérkennslu og í framhaldi af því tillögur um sérkennsluúrræði sem búið er að leggja fram. Meðal annars kom fram að það skiptir ekki máli hvort bekkir eru fámennir eða ekki ef einn eða tveir nemendur þurfa alla athygli kennarans, þá fá hinir ekki þá kennslu sem þeir þurfa á að halda.

Umræða varð um íþróttahúsið og agavandamál sem upp hafa komið þar. Fram kom hjá Magnúsi að komið hafa upp vandamál með 6. bekk. Nemendur eiga til að koma of snemma í íþróttir sem kemur líklega til af því að þeir eru að koma beint úr mat. Nemendur gleypa þá matinn í sig og fara strax niður eftir. Foreldri vildi koma því að framfæri að það getur verið slæmt að nemendur gangi einir í íþróttahúsið þar sem það geta verið slysagildir á leiðinni.

Búið er að ráða nýjan sérkennara sem hefur störf í ágúst. Frá hausti verða allir kennarar í skólanum með kennsluréttindi.

Vorhátíð skólans og foreldrafélagsins verður þann 3. júní. Verið er að vinna í skipulagi hennar en meðal annars verða grillaðar pylsur, Sirkus Íslands kemur í boði foreldrafélagsins og skemmtir, nemendur í unglingadeild verða með andlitsmálningu og skólahlaupið verður að venju.

Umræður urðu um kannabisneyslu unglunga. Fyrirspurn kom frá foreldrum um hvernig bregðast ætti við. Skólastjóri upplýsti að í dag 2. maí fá allir bekkir í elstu deildinni forvarnarfræðslu frá Marítafræðslunni og í kvöld er fyrirlestur fyrir foreldra í fyrirlestrarsal skólans. Fyrirlesturinn hefur verið vel auglýstur til foreldra.

Fundi slitið.

Skráð af Úlfhildi H. Guðbjartsdóttur.